



Knattspyrnufélagið Þróttur

Reykjavíkurborg  
Íþróttta – og tómstundasvið  
Ómar Einarsson, sviðsstjóri

Reykjavík 18.janúar 2019

**Efni: Aðstaða til knattspyrnu hjá Þrótti – ósk um viðræður um stækkun á gervigrassvæði**

Iðkendur í knattspyrnu hjá Þrótti hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum misserum en á hausttímabilinu 2018 (september – desember) voru 102 fleiri iðkendur skráðir í knattspyrnu yngri flokka (7.aldursflokkur til 3.flokkur) en árið áður á sama tímabili.

Yfir vetrartímamann æfa þessir iðkendur allir á einum gervigrassvelli sem jafnframt er keppnisvöllur félagsins og er staðsettur við félagsheimilið. Mikilvægt er að yngstu flokkarnir, þ.e. 7., 6. og 5.aldursflokkur beggja kynja séu á æfingum á tímabilinu 15:00 – 18:00 á virkum dögum, það er skýr krafa um það frá foreldrum að börnin séu ekki á æfingum lengur á þessum árstíma og nú er svo komið að félagið þarf að skipuleggja æfingar þannig að þrjú aldersflokkar séu á að æfa á sama tíma dagsins í einhverjum tilfellum. Á mestu álagstímum á vellinum eru því um 100 – 140 iðkendur á sama tíma á vellinum við æfingar og ljóst er að slíkur fjöldi minnkar verulega gæði æfinganna og er í engu boðlegt fyrir iðkendur, foreldra eða þjálfara hjá félaginu. Eldri flokkar félagsins, þ.e. 2., 3. og 4.flokkur fá svo sárasjaldan heilan völl til að æfa á en þessir aldurshópar spila leiki á velli í fullri stærð. Jafnframt minnka gæði gervigrassins mjög hratt á keppnisvelli meistaraflokka við svo mikla notkun og "líftími" þess styttist verulega. Þróttur getur illa tekið við fleiri iðkendum í knattspyrnu við núverandi aðstöðu en eftirspurnin er sífellt að aukast og má búast við að sú þróun sem verið hefur undanfarið 4 ár (12-15% fjölgun iðkenda á milli ára) muni halda áfram næstu ár þar sem íbúum í hverfinu er að fjölga.

Til þess þjóna þeim iðkendum sem þegar eru hjá félaginu, geta tekið við fleiri iðkendum og sinnt þeirri þjónustu sem félaginu er ætlað að veita er afar brýnt að bregðast við með bættri aðstöðu með gervigrasi, þ.e. að bæta við a.m.k. einum gervigrassvelli á félagssvæði Þróttar og bendum við á möguleika á svæði sem nú kallast Valbjarnarvöllur en aðrir möguleikar koma jafnframt til greina. Undanfarið hefur aðstaða verið bætt í þessa veru hjá nokkrum félögum í Reykjavík, s.s. hjá Val, Fylki og nú síðast hófust framkvæmdir hjá Víkingi.

Knattspyrnufélagið Þróttur óskar eftir viðræðum við Reykjavíkurborg hið fyrsta til þess að ræða aðstöðumál knattspyrnunnar og hugmyndir um fleiri gervigrassvelli á félagssvæði Þróttar í Laugardalnum.

Þórir Hákonarson  
Íþróttastjóri Þróttar